

Mánudaginn hinn 18. janúarmánaðar.

Nr. 45/1903:

Réttvísinn

gegn

Oddi Stígssyni og  
Margræti Eyólfsdóttur.

D ó m u r:

Í máli þessu eru hjónin Oddur Stígsson bóndi í Skaftárdal í Vestur-Skaftafellssýslu og kona hans Margrét Eyólfsdóttir, ákærð fyrir illa meðferð og misþyrmingar á sveitadregnum Páli Júlíusi Pálssyni, og fyrir það að hafa jafnvel á þenna hátt orðið sök í dauða hans, og var málið dæmt í aukarétti Skaftafellssýslu 15. júní f. á. þannig, að Oddur Stígsson var samkvæmt 205. sbr. 204. gr. alm. hegningarlaga dæmdur til að sæta 12 mánaða betrunarhúsvinnu, en Margrét Eyólfsdóttir samkv. 204. gr. sömu laga í 30 daga einfalt fangelsi. Svo skyldu og hin ákærðu greiða eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Vorið 1902, um fardagaleytið, tók ákærði Oddur Stígsson á heimili sitt drenginn Pál Júlíus Pálsson 8—10 ára gamlan — nákvæmar er ekki skýrt frá aldri hans í málinu, — og var honum ráðstafað þangað sem hreppsómaga fyrir 20 króna meðlag á ári, því að Oddur hafði boðist til að taka hann fyrir það meðlag. Hinn 26. marz f. á. andaðist svo drengur þessi snögglega á heimili Odds. Hafði drengurinn þó verið á fótum næstu dagana á undan og ekki kent neins sjúk-leika venju fremur, að álitíð var, og hann vaknaði um

morguninn daginn, sem hann dó, án þess að kvarta yfir nokkrum veikindum; en síðan sofnaði hann aftur; heyrðust þá stumur nokkrar eða hljóðaköst til hans í svefninum, en hann vaknaði ekki upp eftir það, og andaðist um hádegisbilið.

Með því að sýslumanni bárust ýmsar fregnir um það, að drengurinn hefði verið illa haldinn hjá ákærða, og honum þótti grunsamleg atvikin að dauða drengsins, var hafin rannsókn út af dauða hans; og var líkið rannsakað af tveim héraðslæknum eftir skipun sýslumanns. Kom það í ljós við rannsóknina, að líkið var mjög magurt, svo að rifbeinin mátti telja á 23 feti færi, kinnfiskasogið og kviðholið innfallið. En drengurinn hafði, er hann fór að Skaftárdal, verið í samlegum holdum, búlduleitur og vel útlítandi. Við skoðun lækna kom það og í ljós, að á stórutárgómum á báðum fótum voru kolbrandssár, er náðu inn að beini, og voru neglurnar orðnar lausar, og á hinum tánum voru minni kolbrandssár. Bjúgbólga var í ristum á báðum fótum upp undir öklalið. Þá sáust og við skoðunina fleiður eða hruflur (superficiellar excoriationir) á ýmsum stöðum, bak við bæði eyrun, á hægra gagnauga utan við augabrúnina, á efri vör, á báðum hnéskeljum, og á baki líksins neðanverðu og niður eftir hægra læri voru fleiður eða hruflur og blóðris. Læknarnir álitu ekki nauðsynlegt að kryfja líkið og var það heldur ekki gjört, en þeir ályktuðu af útliti líksins, sem nú hefir verið lýst, að dauðaorsök drengsins hefði verið skortur á viðurværi í sambandi við vanhirdingu á kolbrandssárum á fótum.

Að því er viðurværiskortinn snertir, þá er það

að vísu upplýst í málinu, að fæði það, er drengurinn og heimilið átti að búa við, var fátæklegt mjög og af skornum skamti, og einkanlega óhentugt drengnum, þar sem heimilið var að kalla mjólkurlaust og feitarlítið, er leið á veturinn. En ákærðu hafa staðhæft það, að drengnum hafi verið skamtað tiltölulega eins og öðrum og að þau hafi ekki viljað svelta hann, eða láta hann líða nauð af viðurværisskorti, eftir því sem föng voru til, og það hefir ekki sannast, að þessi skýrsla þeirra sé röng. Þó að megurð drengsins, er hann dó, virðist benda á, að hann hafi líðið skort á viðurværi, þá er það athugandi, að líkið var ekki krufið, og er þá ekki, eins og landlæknir hefir tekið fram í álitsskjali um skoðunargjörð héraðslæknanna, er fram er komið í málinu, loku fyrir það skotið, að drengurinn kunni að hafa haft einhvern innvortis sjúkdóm, sem tærði hann og dró hann til dauða, án þess að viðurværisskorti yrði um kent.

Um fótasár þau, er á tám drengsins fundust, þá er það upplýst, að sár komu á fætur hans í byrjun vetrar, en voru gróin um jólaleyti; féllu svo aftur sár á á þorranum, og var hirt um þau öðru hvoru á þann hátt, að þau voru þvegin úr karbólvatni; var það ákærði Oddur, sem sérstaklega gaf sig að því að líta eftir sárunum; en þau greru ekki, og síðasta hálfá mánuðinn, sem drengurinn lifði, var ekkert hirt um sárin. Hefir Oddur borið það fyrir, að hann hafi þá haft svo mörgu að sinna, enda lá þá kona hans á sæng, og annað heimilisfólk var ekki fyrir. Ákærðu hafa borið það, að þau hafi ekki grunað, að hætta gæti staðið af þessum sárum fyrir heilsu eða líf drengsins, fremur en af

venjulegum kuldapollum, og hafi þeim því ekki komið til hugar eða álitid nauðsynlegt að leita læknisráða við sárunum. Þessa skýrslu ákærðu verður að taka trúanlega, þar sem ekkert er upplýst, er beint hnekki henni, og getur því vanhirding sú, er átti sér stað af þeirra hálfu með græðslu sáranna, einkanlega síðasta hálfu mánuðinn, eigi talist misþyrming á drengnum, eða önnur líkamleg meiðing, er þau verði látin sæta ábyrgð fyrir sem ásetningsverki. Það verður og heldur eigi álitid, að byggt verði á álitu eða skoðun héraðslæknanna, er skoðuðu líkið, nein sönnun fyrir því, að fótasárin hafi orðið orsök eða meðverkandi orsök til dauða drengsins, því að, eins og áður er sagt, er engin vissa fengin fyrir því, með því að líkið var ekki krufid, hver hin eiginlega dauðaorsök var. Verður ákærðu því eigi heldur refsað fyrir tómlæti þeirra eða skeytingarleysi í að hirða um sárin, enda yrði og vanþekking ákærðu í þeim efnum að koma þar mjög til álita.

Um áverkana, er fundust á líkinu, er það með játningu ákærða Odds og öðrum skýrslum sannað, að laugardaginn 21. marz f. á., hýddi Oddur drenginn á bert hörund með vendi úr birkihríslum, og á mánudaginn 23. marz hýddi hann hann aftur með sama vendi á sama stað og ofan í sárin, sem hann þá sá að komið höfðu á hörund drengsins við fyrri hýðinguna, og sá ákærði, er hann hætti að hýða drenginn síðara skiftid, að blóð rann úr sárunum. Oddur kveðst hafa hýtt drenginn mikið í fyrra skiftid, en minna í síðara skiftid, og stöfuðu af þessum hýðingum hrufur þær og blóðris, er fundust á baki liksins og niður eftir hægra læri. Meiðslin bak við eyru drengsins hefir Oddur ját-

að að komið hafi við það, að sunnudaginn 22. marz tók hann drenginn upp á eyrunum og lét hann þannig niður pallstigann 3—4 höft. Kveðst Oddur hafa farið hart með drenginn, er hann lét hann ofan, og muni hann þá hafa rekist annaðhvort í pallskörina eða utan á stiginn, og þannig fengið hrufur þær, er saúst á gagnauga líksins. Ekki átti meðákærða Margrét neinn þátt í þessari meðferð á drengnum, en hún var þó viðstödd, er Oddur hýddi drenginn í síðara skiftið. Ákærði hefir haldið því fram, að það hafi verið hirting fyrir hnupl á mat, er hann hýddi drenginn, og að hann hafi látið hann á eyrunum ofan af baðstofupallinum til að fá hann til að vinna verk, er hann óhlyðnaðist við, en þetta, sem annars er ósannað, réttlætir að engu leyti slíka grimdarfulla misþyrming á barninu, sármögru og veikluðu, eins og ákærðu gat ekki dulist að það var þá, 3 dögum fyrir andlát þess, og verður ákærði Oddur að sæta refsingu fyrir misþyrmingar þessar, sem eftir áliti héraðslæknis og landlæknis hafa getað stuðlað að því, að flýta fyrir dauða barnsins, þó að vissu eða sönnun vanti fyrir hinni eiginlegu dauðaorsök.

Með því að ekki hefir í máli þessu sannast á hina ákærðu Margréti Eyólfsdóttur neinn saknæmur verknaður eða hlutdeili í slíkum verknaði, ber að dæma hana sýkna af ákæru sækjandans í málinu. Atferli hins ákærða Odds Stígssonar, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir sætt hegningu fyrir neitt afbrot, er aftur á móti af undirdómaranum réttilega heimfært undir 205. sbr. 204. gr. alm. hegn-

ingarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærða Oddi Stígssyni ber að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinsluvert við meðferð málsins í héraði, að eigi var látin framfara innri skoðun á umræddu líki, svo að dauðaorsökin yrði ákveðin, en að öðru leyti hefir rekstur málsins þar verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Margrét Eyólfsdóttir á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærða, Oddi Stígssyni, ber að greiða allan af málinu fyrir yfirdómi löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrettarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar og cand. jur. Eggert Claessen, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.